


Grunnskólinn á Þingeyri

ÁRSSKÝRSLA

Ábyrgð-virðing-samheldni-gleði



Erna Höskuldsdóttir
20. júní 2016

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skýrsla um skólahald	3
Helstu markmið ársins.....	4
Niðurstöður um hvernig tókst til með markmið ársins	6
Niðurstöður um hvernig tókst til að vinna eftir stefnum og áætlunum ársins	7
Fjöldi nemenda og bekkjardeilda	8
Forföll nemenda	8
Forföll kennara	8
Kennslustundamagn	9
Niðurstöður samræmdra prófa	9
Upplýsingar um keypta þjónustu	9
Upplýsingar um sjálfsmat	10
Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar/viðgerðir	10
Upplýsingar um stórar fjárfestingar	11
Fjárhagsáætlun	12

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarf Grunnskólans á Þingeyri skólaárið 2015 – 2016. Farið er yfir markmiðasetningu og hvernig til tókst að ná starfsmarkmiðum. Einnig má finna ýtarlegar upplýsingar um skiptingu nemenda eftir aldri og kyni. Í skýrslunni er farið yfir starfsmanna mál þ.e. stöðugildi. Niðurstöður samræmdra prófa, sem komu ekki vel út í stærðfræði og þarf því að halda áfram að vinna markvisst að bæta kennslu og aðhald með úrbótaáætlun og eftirfylgni. Ekki er fjallað um fjármál skólans í skýrslunni þar sem allar upplýsingar um þau er hægt að nálgast í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar.

Grunnskólinn á Þingeyri er einn fjögurra grunnskóla í Ísafjarðabæ. Skólastarf hófst á Þingeyri árið 1897. Fyrsta skólahúsið var reist 1896, Wendelshús, byggt af Hermanní Wendel kaupmanni. Árið eftir hófst síðan reglulegt skólalald í húsinu. Í upphafi voru það foreldrar barna á Þingeyri sem stóðu fyrir skólalaldinu.

Skólaárið 2015-2016 komu að skólastarfinu 30 nemendur og telst skólinn til fámennra skóla. Einn gesta nemandi sótti skólann í upphafi í um 6 vikur í samstarfi við skólaskrifstofu hans svæðis. Engar breytingar urðu á fjölda nemenda á skólaárinu. Íbúafjöldi á Þingeyri er 253 samkvæmt heimildum Hagstofu (sótt á hagstofa.is).

Hornsteinar skólastarfsins eru : *Ábyrgð - virðing- samheldni- gleði*

Hornsteinarnir vísa til þess :

- ✓ Að nemendum líði vel og séu ánægðir í eigin skinni og vinnu.
- ✓ Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og sýni öðrum skilning.
- ✓ Að ábyrgð/metnaður vísi til þeirrar sómatilfinningar sem að allir sem að skólastarfinu koma ættu að finna fyrir
- ✓ Að nemendur finni fyrir þeirri tilfinningu að tilheyra hóp og skipta máli.

Erna Höskuldsdóttir
Skólastjóri

Skýrsla um skólahald

Áherslur í skólastafi voru með svipuðum hætti og undanfarin ár. Starfsemin gekk að nokkru leyti eftir því sem lagt var upp með að hausti. Það sem fór ekki alveg eins og fólk ætlaði sér var að nýja námsmatið vannst ekki eins og markið var sett á. Ákveðið var að vinna matið í mentor sem var enn að vinna að breytingum og þróa sína vinnu í takt við skólana og breytingar námsmatsins í aðalnámskrá. Ekkert vandamál var að vinna með lokamat hjá útskriftar nemendum og von kennara er að hægt verði að vinna námsmatið í öllum bekkjum næsta skólaár og að markmið okkar um að ljúka breytingum á nýja námsmatinu takist.

Hægt er að nálgast helstu upplýsingar um skólann og starfið á heimasíðu skólans www.grthing.isafjordur.is en þar eru birtar helstu fréttir og upplýsingar um skólastarfið. Stefnt er að því fyrir næsta skólaár að skólinn verði einnig með Facebook síðu og Instagram.

Foreldrafélagið kom að skólastarfinu með sama hætti og verið hefur undanfarin ár.

Aðalmarkmið skólaársins var að bæta námsárangur (sameiginlegt átak skóla í Ísafjarðarbæ „Stillum saman strengi“) og viðhalda jákvæðum skólabrag samhliða því að auka samstarf heimilis og skóla.

Skólinn var settur 21. ágúst „á sal“ og nemendur mættu í viðtöl hvert og eitt með foreldrum sínum. Í fyrstu viku skólaársins sóttu nemendur í 6. og 7. bekk Skólabúðir á Reykjum í Hrutafirði. Gönguvikan er orðin hefð og hefur sá liður verið festur í skóladagatali skólans í um 16 ár. Gengið er til skiptist á dali og fjöll. Gengnir voru dalir að þessu sinni. 7.-10. bekkur fóru Núpsdalinn, 4.-6. bekkur gekk upp Ausudal að Ausuvatni fram og til baka. 1. og 2. bekkur gengu frá Hálsi niður að hesthúsunum á Söndum (fóru fyrir Fell). Þar sem við ætluðum að leggja áfram áherslu á læsi og að lesa sér til gagns héldum við upp á dag læsis þann 8. september með því að fara í bókasafnsferð á Ísafjörð. Þar fengu hóparnir kynningu og tíma til lesturs ásamt því að eldri nemendur lásu upp úr bókinni Mórún í Skúrnum við veitingastaðinn Húsið þar sem við borðuðum nestið okkar. Síðasta vika septembermánaðar einkenndist af samræmdum prófum. Íþróttahátíð litlu skólanna var haldin í Súðavík, og munum við taka á móti gestum á næsta ári. Viku síðar fóru nemendur á elsta stigi á vel heppnaða hátíð í Bolungarvík þar sem öllum nemendum skólanna var blandað saman.

Í október fengu nemendur á elsta stigi góða gesti í fjármálafræðslu ásamt því að fá tækifæri til að sækja nýsköpunarnámskeið á Ísafirði. Skólahlaupið var á sínum stað þar sem markmiðið var að hver og einn gerði sitt besta og komu margir nemendur sér og kennurum sínum á óvart. Yngstu nemendunum var boðið á tónleika og leiksýningu ásamt elstu börnunum á leikskólanum. Skipulagður akstur var unninn í samvinnu við leikskólann.

9. nóvember minntum við á dag eineltis og fjölluðum saman um einelti og bjuggum til veggspjald um **samheldni** sem er einn af hornsteinum skólans. Læsisráðgjafar komu í heimsókn í nóvember og héldu þeir súpufund fyrir foreldra í hádeginu sem var mjög vel sóttur. Jólaföndur Foreldrafélags G.Þ. var á sínum stað í upphafi desembermánaðar ásamt því að að halda Rauða daginn þar sem verkefni nemenda úr áhugasviði voru til sýnis ásamt

jólalegum veitingum á aðventunni. Foreldrar, ömmur og afar og fleiri velunnarar skólans voru duglegir að taka þátt í þessum degi með okkur. Daginn fyrir Rauða daginn skelltu allir sér í Tarzan leik í íþróttahúsinu, yngri og eldri nemendur saman. Á aðventunni sungum við saman einu sinni í viku „á sal“ og kveiktum á aðventukransinum okkar. Miðstig tók þátt í The hour of code. Litlu jólin voru 18. desember með tilheyrandi notalegheitum og gleði. Skóli hófs 5. janúar eftir jólafrí.

Lestraráttak Ævars vísindamanns hófst í janúar og yngsta-, og miðstig tóku þátt í því. Þorra-blót G.P. var haldið 22. janúar, þar skemmtu nemendur og starfsfólk sér saman og allir voru sammála um að skemmtiatriðin í ár hafi verið einstaklega metnaðarfull og skemmtileg. Mikið var um óveður í febrúar og mars og eitthvað vantaði af nemendum 2 daga með stuttu millibili en skólinn var opinn og kennsla fór fram. Við tókum þátt í litlu og stóru upplestrarkeppninni í febrúar/mars. Árshátíðin var haldin 17. mars þar sem hver námshópur fyrir sig sýndi sitt stykki. Ákveðið var að hafa annað hvert ár 1 sameiginlegt stórt stykki á móti 3 minni atriðum. Þemað í ár var ævintýri. Í apríl fengum við forritunarkennslu sem nemendur kunnu vel að meta, við fórum í skíðaferð sem er sannarlega eitt af uppáhalds viðburðum margra ef ekki allra nemenda skólans. Sigga Dögg kom í heimsókn með kynfræðslu fyrir nemendur á elsta stigi ásamt því að nemendur í Grunnskólanum á Suðureyri heimsóttu okkur. Grænidagurinn var „poppaður“ upp og tengdust verkefni hans verkefni Unicef þar sem nemendur söfnuðu áheitum fyrir börn í stríði, foreldrafélagið grillaði hamborgara fyrir okkur og við fórum í skemmtilegan Paintball leik á sparkvellingnum. Vorferðin var á sínum stað og skelltum við okkur til Bolungarvíkur á náttúrugripasafnið, fórum í sund, grillaðum pylsur og fengum í lokin sumarlesturs kynningu á Bókasafninu á Ísafirði. Elstu nemendurnir fóru í starfskynningu að ógleymdu skólaferðalagi til Kaupmannahafnar. Skólaslit og skólasýning fóru fram 30. maí.

Helstu markmið ársins

Grunnskólinn á Þingeyri setti sér fimm markmið fyrir skólaárið 2015-2016 og eru þau birt í starfsáætlun skólans (birt er á heimasíðu skólans). Unnið var að breyttum kennsluháttum í skólastarfi með spjaldtölvum á öllum skólastigum og lagður grunnur að læsis- og stærðfræðistefnu fyrir alla námshópa.

Markmið (úr starfsáætlun):

1. "Stillum saman strengi"

Læsisstefna

- Það gerum við með því að marka okkur stefnu í læsi og hvaða leiðum og úrbótum er best að vinna eftir til þess að ná árangri með nemendum í lestri og íslenskri tungu. Markviss skimun og skráningar á niðurstöðum er ein af leiðunum. Lestraráttök og mælingar. Leggja áherslu á lesskilning ásamt hraða.

Stærðfræðistefna

- Það gerum við með því að marka okkur stefnu í stærðfræði og hvaða leiðum og úrbótum er best að vinna eftir til þess að ná árangri með nemendum í stærðfræði.

Markviss skimun og skráningar á niðurstöðum er ein af leiðunum ásamt heimaþjálfun.

-

2. Námsmatið – að breyta því samkvæmt aðalnámskrá. Öll skólastig. Innleiðing og lært á nýtt umhverfi mentors.
3. Að viðhalda jákvæðum skólabrag.
 - Með því að fá nemendur til þess að tileinka sér ákveðin gildi eins og samskiptahæfni, umburðarlyndi og virðingu. Nemendur læri að umgangast hvert annað í sátt og samlyndi. Að allir sem koma að skólastarfi Grunnskólans á Þingeyri stuðli að jákvæðni með gangkvæmri virðingu gangvart öllum þeim sem koma að skólastarfinu. Mestu skiptir að nemendum líði vel í skólanum.
4. Foreldrasamstarf / samvinna heimilis og skóla
 - Með því að halda foreldraþing í nóvember. Fara yfir með foreldrum hvers er ætlast til af þeim í samstarfi heimilis og skóla til þess að vinna að öfluggu skólastarfi. Vinna saman að lausnum ef upp koma atvik sem þarf að leysa með upplýsingagjöf milli heimilis og skóla, símleiðis eða mentor.is. Skjatti, dagbók fyrir nemendur sem heldur betur utan um samskipti við heimilin með nám nemenda.

Aðrir þættir sem unnið verður markvisst að:

- ✓ Tengsl skóla og umhverfis
 - Það gerum við meðal annars með því að eiga í góðu samstarfi við leikskólann Laufás með því að bjóða þeim og þiggja heimsóknir og aðra fræðslu (Brúum bilið). Með því að nýta umhverfi og nágrenni skólans til útikennslu sem og að heimsækja fyrirtæki og stofnanir.
- ✓ Skólapúlsinn – sjálfsmat skólans
 - Það gerum við með því að leggja fyrir kannanir Skólapúlsins fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Vinnum með niðurstöður og bætum það sem þarf að bæta og styrkjum það sem gott er.
- ✓ Uppbyggingarstefnan
 - Það gerum við með því að gera bekkjarsáttmála í hverjum námshópi. Vinnum með jákvæð samskipti og lærum að taka tillit til þarfa hvers annars. Umsjónarkennarar allra námshópa vinna með uppbyggingarstefnuna markvisst.
- ✓ Einstaklingsmiðað nám
 - Það gerum við með því að leiðbeina nemendum og styðja þá við allt nám á þeirra grundvelli. Aðstoða þá við að ná tökum á markmiðssetningu og bera ábyrgð á eigin námi.
- ✓ Byrjendalæsi

- Það gerum við með því að halda áfram að vinna með þróunarverkefnið byrjendalæsi. Unnið er með grunnþætti íslenskunnar í 1.-2. bekk.

Niðurstöður um hvernig tókst til með markmið ársins

Í sjálfsmatskýrslu skólans kemur fram að ágætlega tókst að vinna að markmiðum skólans. En betur má ef duga skal og alltaf hægt að gera betur. Það er nefnilega þannig að það skiptir ekki máli hvað þú getur heldur hvað þú gerir.

Lagður var grunnur að læsis-, og stærðfræðistefnu. Kennarar hafa lagt vinnu í að móta og byggja ofan á vinnu og reynslu fyrri ára. Kennarar vinna í teymum með kennurum í bæjarfélaginu. Læsteymið setti af stað leshóp og var með lokaðan umræðuhóp í gegnum netið. Fundir voru haldnir á Ísafirði en einnig var tæknin nýtt og fundað í gegnum netið.

Ekki tókst að innleiða nýtt námsmat eins og við viljum hafa það og vinna. Tengist það vinnu við umhverfi mentor. Mentor var enn að breyta og þróa forritið sem skólinn nýtir við skráningar námsmats og tafði það vinnuna. Lokamat fyrir 10. bekk gekk mjög vel og kennarar jákvæðir fyrir því að nota slíkt kerfi fyrir alla aldurshópa. Kerfið mun koma til með að auðvelda matið og það ætti ekki að taka eins mikinn tíma fyrir kennara og býður upp á marga skemmtilega möguleika fyrir kennara, nemendur og foreldra.

Að viðhalda jákvæðum skólabrag tókst með ágætum að mati starfsfólks skólans ásamt því að niðurstöður skólapúlsins komu vel út. Það skiptir miklu máli að nemendum líði vel í skólanum og viljum við gera allt sem við getum til að svo sé. Samkvæmt gestum sem koma inn í skólann er andinn mjög góður og styðjumst við við orðatiltækið „Glögg er gests augað“. Skólastarfið er margbreytilegt og ekki alltaf hægt að koma til móts við þarfir allra alltaf en það er sannarlega markmið okkar ásamt því að kenna nemendum hverjar skyldur og hlutverk þeirra eru. Velliðan í skólanum hefur aukist í takt við þær áherslur sem við leggjum upp með í skólanum. Einelti mælist enn þá og leita verður annarra leiða til þess að koma í veg fyrir það ásamt því að vinna áfram með þá þætti sem hafa skilað árangri. Vinna með eineltisáætlun kynna hana reglulega gera hana sýnilegri ásamt því að fara vel í skilgreiningu á einelti. Vinna áfram með bekkjarsáttmála og bekkjarfundi.

Varðandi skóla og bekkjaranda er mikilvægt að samband nemenda og kennara sé gott og að nemendur finni að það sé agi í tímum. Ætlast er til að starfsmenn haldi áfram á sömu braut í vinnu sinni með nemendum og að þeir haldi áfram að eiga samræður við nemendur og minna á mikilvægi þess að hver og einn beri ábyrgð á sjálfum sér.

Foreldrasamstarf gengur vel og sýna foreldrar nemenda mikinn áhuga á námi barna sinna. Foreldraviðtöl þar sem farið er yfir árangur og líðan ásamt því að setja sér markmið eru að skila sér og veita aðhald. Fundur með læsisráðgjöfum menntamálastofnunar var mjög vel sóttur ásamt því að foreldrar mættu á fund með skólastjóra þar sem farið var yfir ýmis mál ásamt því að setja niður á blað hvað gerir góðan skóla góðan? Og hver bæri ábyrgð og hvert

hlutverk skólastjóra, kennara, nemenda og foreldra væri. Niðurstöður þeirrar vinnu voru settar niður á blað sem skólastjóri notar til að styðjast við til að gera skólann betri.

Markvisst var unnið með aðra þætti í starfsmarkmiðum fyrir utan uppbyggingarstefnuna. Bekkjasáttmálar voru gerðir í hverjum námshópi en það er ekki nóg að gera hann að hausti án þess að rifja hann upp og bæta. Við viljum vinna markvissara með stefnuna og nýta okkur hana til að efla jákvæð samskipti.

Niðurstöður um hvernig tókst til að vinna eftir stefnum og áætlunum ársins

Áhersla var á margvíslega þætti í skólastarfinu. Sumt var hluti af sjálfsmati skólans, annað var unnið á lengri eða skemmri tíma sem umbóta og þróunarstarf innan skólans. Áfram var unnið með aukið samstarf heimils og skóla með áherslu á frekari upplýsingar á stöðu nemenda í námi sínu með t.d. „Skjatta“/dagbók nemenda. Unnið var með nemendur og líðan þeirra í skólanum ásamt bættum skólabrag og bekkjaranda. Unnið var áfram með innleiðingu aðalnámskrár og lykilhæfni í sambandi við nýtt námsmat. Haldið var áfram að þróa breytingar á kennsluháttum í skólastarfi á öllum skólastigum þar sem spjaldtölvur voru nýttar sem kennslutæki með aðstoð frá Skema. Aukin áhersla og úrvinnsla var á stöðu nemenda í námi sínu og lögð áhersla á að vinna eftir markmiðum. Í sameiginlegu átaki grunnskóla Ísafjarðarbæjar „Stillum saman strengi“ var áhersla lögð á að marka stefnu í íslensku og stærðfræði. Sú vinna er enn í gangi og grunnur að stefnum hefur verið lagður.

Vel tókst að vinna eftir stefnum og áætlunum. Skólinn er fámennur, hver og einn kennari hefur mörgum hlutverkum að gegna. Öðruvísi álag einkennir starf kennara í fámennum skóla. Veturinn einkenndist af miklu annríki og mjög mörgum verkefnum. Efla þarf lesskilning og vinna markvissara með hann í öllum greinum. Skólareglur þarf að ræða og kynna fyrir starfsfólki og nemendum ásamt því að efla uppbyggingastefnuna eins og áður hefur komið fram í skýrslunni. Áhersla er lögð á að einstaklingar öðlist færni til að vinna saman og að hver og einn nýti hæfileika sína eins og kostur er (einstaklingsmiðun).

Eineltisáætlun var yfirfarin og birtist hún í starfsáætlun skólans ásamt því að vera birt á heimasíðu skólans. Eftirfarandi áætlanir eru hafðar að leiðarljósi og styðja og styrkja starfsfólk og birtast þær einnig í starfsáætlun:

- Forvarnaráætlun
- Rýmingaráætlun
- Áfallaáætlun
- Móttökuáætlun erlendra barna
- Jafnréttisáætlun
- Símenntunaráætlun

Ekki þurfti að grípa til allra þessara áætlana en vert að hafa þær uppfærðar. Margt af því sem kemur fram í þeim fléttast inn í starfið í samþættingu við námsgreinar t.d. forvarnir og jafnrétti

Fjöldi nemenda og bekkjardeilda

Í upphafi skólaárs voru nemendur 30 ásamt einum gesta nemanda í tæpa 2 mánuði frá Eskifirði. Fjöldi nemenda hélst út skólaárið. Kennslan fór fram í þremur námshópum:

1. og 2. bekkur mynduðu námshópin yngsta stig (engir nemendur í 3. bekk). 4., 5., 6. og 7. bekkur voru saman í námshópnum mið stigi (gjarnan kallað „meiriháttar miðstig“). Á elsta stigi voru nemendur í 9. og 10. bekk (ath. enginn 8. bekkur var í vetur). Mikil samkensla er við skólann. Nánari upplýsingar um skiptingu eftir aldri og kyni má sjá í töflu hér fyrir neðan. 10 nemendur voru/eru tvítyngd og 2 nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Árgangur	Drengir	Stúlkur	alls
2009	1	3	4
2008	2	3	5
2007	0	0	0
2006	1	1	2
2005	2	1	3
2004	3	2	5
2003	0	2	2
2002	0	0	0
2001	2	3	5
2000	2	2	4

30

Forföll nemenda

Fjarvistardagar nemenda: 3 dagar /38 st.

Veikindadagar nemenda: 189 dagar /54 st.

Leyfis dagar nemenda: 16 dagar /110 Sst.

Leyfis dagar eru þó nokkrir og hafa kennarar rætt um ábyrgð foreldra gagnvart námi í leyfi og nauðsyn þess að allir séu upplýstir um ábyrgð sína.

Forföll kennara

9 starfsmenn voru í vinnu við Grunnskólann á Þingeyri í vetur. 6 menntaðir kennarar, skólastjóri og 2 almennir starfsmenn sem sinna blönduðum störfum stuðningsfulltrúa, skólaliða, húsvarðar og ræstinga.

Stöðugildi: 1 staða skólastjóra, 4,7 staða kennara og 1,8 staða almennra starfsmanna.

Forföll kennara í vetur töldust í dögum: 126 dagar

Inn í þessari tölu eru leyfis dagar vegna sumarleyfis, alvarlegra veikinda, andláts og veikinda starfsfólks og barna þeirra.

Greidd forföll: 118 tímar

Greidd eru forföll fyrir þá tíma sem þarf að leysa af vegna veikinda og ef kennarar þurfa að sinna öðrum verkefnum tengt starfi sínu.

Forföll almennra starfsmanna: 19 dagar. 15 dagar vegna slysa og 4 vegna flensu.

Kennslustundamagn

Skólanum var úthlutaðar 125 kennslustundir og fækkaði þeim um 2 frá árinu á undan.

Úthlutun miðast við nemendafjölda.

Niðurstöður samræmdra prófa

Í töflunni hér að neðan má sá niðurstöður samræmdra prófa árið 2015 miðað við meðaltöl síðustu 5 ára í sviga fyrir aftan. Huga þarf að kennslu í stærðfræði á yngsta,- og mið stigi. Í vetur var strax farið í vinnu að umbótaáætlun í stærðfræði þar sem niðurstöður úr bæði samræmdum prófum og talnalykli komu ekki vel út. Talnalykill var lagður aftur fyrir eftir ákveðinn tíma og sýndu niðurstöður aukna getu hjá þeim nemendum sem tóku virkan þátt í auka þjálfun heima og í skóla.

Bekkir	Íslenska (meðaltöl síðustu 5 ára)	Stærðfræði (meðaltöl síðustu 5 ára)	Enska (meðaltöl síðustu 5 ára)
4. bekkur	25 (26)	13,5 (21)	
7. bekkur	29 (25,7)	19,5 (20,8)	
10. bekkur	25 (26,6)	26 (25)	31 (22)

Upplýsingar um keypta þjónustu

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundarsviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Við höfum keypt fagþjónustu vegna fræðslu og kennsluráðgjafar frá Guðlaugu á Fjölskyldumiðstöðinni Ísafirði. Einnig höfum við keypt akstur fyrir nemendur í lestrarferð á Ísafjörð, í vorferðir og í skíðaferð.

Upplýsingar um sjálfsmat

Ákveðin viðmið sem skólunum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnu eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera markmiðsbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað og byggt á áreiðanlegum upplýsingum. Það þarf að leiða til umbóta og vera opinbert.

Grunnskólinn á Þingeyri tók þátt í nemenda-, foreldra- og starfsmannakönnunum Skólalóðsins. Og byggist sjálfsmat skólans á niðurstöðum þeirra kannana. Eftir að niðurstöður bárust úr hverri könnun voru niðurstöðurnar ræddar á starfsmannafundi. Umbætur var ýmist farið í strax í kjölfarið eða ákveðið að gera það frá og með næsta skólaári. Sjálfsmatskýrsla skólans er birt á heimsíðu skólans.

Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar/viðgerðir

Bæta þarf ljós á öllum nemendasvæðum, ljósastæði eru úreld og geta valdið íkveikjuhættu. Búið var að fá samþykki fyrir því að helmingur ljósanna yrði lagaður núna í vor en ekkert hefur gerst í þeim efnum. Einnig þarf að huga að lokuðum skápum í mynd-, og handmenntastofu þar sem vinnueftirlitið hefur gert athugasemdir við núverandi aðbúnað.

Nýtt starfsmanna salerni er í vinnslu í gamla kjallaranum. Gólfíð í smíðastofunni verður tekið í gegn fyrir haustið en það var á undanþágu frá vinnueftirlitinu. Skólalóðin er í einstaklega góðum málum en það þarf að huga betur að „andliti“ skólans og gera umhverfið fyrir framan skólann huggulegra. Nánari upplýsingar um viðhald og endurnýjun má sjá í töflu hér fyrir neðan.

	Verk /viðhaldsvinna	Skýring	Annað/forgangur
1.	Yfirfara ljósabúnað í skólanum	Ljósabúnaður gamall og úr sér genginn, kúplar og perustæði brotin, eldhætta	Forgangur 1
2.	Salerni fyrir starfsfólk	Lagnir ónýtar, óþefur og léleg aðstaða. Mál komið í farveg en framkvæmdir ekki hafnar.	Forgangur 2
3.	Útihurðir	Útihurðir farnar að vinda sig og eru óþéttar. Myndi spara hita kostnað að laga þær.	Forgangur 3
4.	Skóli málaður að innan	Þinghús, 1kennslustofa, skrifstofur og kaffistofa. Gamalt veggfóður sem þarf að rykbinda.	Forgangur 4
5.	Skóli málaður að innan	Í framhaldi af málningarvinnu í kennslustofum verði salur, gangur og forstofa máluð	Forgangur 5

6.	Laga skemmdir á klæðningu og þaki	Á nokkrum stöðum eru göt á bárujárnsklæðningu. Þarf að yfirfara þakið á nokkrum stöðum það lekur og hefur gert í mörg ár.	Forgangur 6
7.	Úrbætur á skólalóð	Lagfæringar á marki, ljóskastara og breyta hæð á körfuboltahringjum.	Forgangur 7
8.	Bæta umhverfi skólans, sérstaklega að framanverðu.	Ganga frá svæði við aðalinngang, hellur og blómaker.	Forgangur 8
9.	Vifta í heimilisfræðiaðstöðu	Viftu vantar í eldhús til þess að bæta loftgæði, sérstaklega þegar kennsla á sér stað	Forgangur 9
10.	Gardínur	Setja þarf gardínur í heimilisfræðistofu vegna sólar og hita. Athuga með smíðastofu	Forgangur 10

Endurnýjun, viðbót vegna kennslu
Náttúrufræðiskáp
Hrærivél
Gúmmí sessur
Jógadýnur
Hnakka (stóla á hjólum fyrir kennara 3 stk.)
Hækkanleg borð til að geta staðið við vinnu 3 stk. T.d. til að vinna við spjaldtölvu og fl.
Heyrnahlífar
Áhöld í eldhús
Gardínur í smíðastofu
Gardínur í heimilisfræðistofu

Upplýsingar um stórar fjárfestingar

Nauðsynlegt er að farið verði í fjárfestingar á almennu viðhaldi skólahúsnaðis. Um er að ræða málningarvinnu innanhúss og að utan. Einnig þarf að athuga þak á millibyggingu sem er búið að leka í mörg ár og er farið að skemma út frá sér á nokkrum stöðum og lekur inni.

Fjárhagsáætlun

Hreyfing: 94.076.661 kr. **Áætlun:** 92.759.228 kr. **Mismunur:** -1.317.433 kr.

Framúrakstur ársins 2015 skýrist af launahækkunum hjá kennurum og stjórnendum og væri væntanleg töluvert meira undir áætlun ef laun hefðu ekki hækkað.